

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Kópavogstún. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. ágúst 2022 breytt deiliskipulag lóðarinnar nr. 5-7 við Kópavogsgærði.

Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja á vesturhlið 42,6 m<sup>2</sup> sólskála á þaksvalir við íbúð á efstu hæð.

#### *Hafnarbraut 2-10 og Kársnesbraut 108-114. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 13. september 2022 breytt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 108 við Kársnesbraut.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðurs á 2. hæð um 2,7 metra og þaksvölum komið fyrir þar ofan á. Byggingarreitur er stækkaður að hluta til á norðurgafli til að koma fyrir svölum á 2. og 3. hæð. Á vesturhlið eru settar utanáliggjandi svalir og húsið klætt með klæðningu úr sementsbundnum plötum. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis breytist úr 1.868 m<sup>2</sup> í 1.806 m<sup>2</sup> og íbúðarhúsnæðis úr 849 m<sup>2</sup> í 776,5 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lækkar úr 1,2 í 1,1.

#### *Litlavör 15-23. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 13. september 2022 breytt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 19 við Litlavör.

Í breytingunni felst aukning byggingarmagns um 46 m<sup>2</sup>, úr 282 m<sup>2</sup> í 328 m<sup>2</sup>. Svalir á norðurhlið viðbyggingar ná út fyrir byggingarreit. Þakkantar á suður- og vesturhlið ná um 20 cm upp fyrir hámarksvegghæð á hluta þaks. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,33 í 0,38.

#### *Rjúpnahæð – austurhluti. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 25. október 2022 breytt deiliskipulag lóðarinnar nr. 12 við Aflakór.

Í breytingunni felst að núverandi byggingarreitur er stækkaður til norðvesturs að hluta til um 2,5 metra. Gert er ráð fyrir að hluta núverandi verandar á norðvesturhlið húss verði lokað með gleri og þakkantur framlengdur. Við þessar breytingar eykst byggingarmagn íbúðarhússins úr 395,8 m<sup>2</sup> í 416,1 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall verður 0,5 í stað 0,48.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 23. nóvember 2022.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. desember 2022